



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

22. Fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Haldinn miðvikudaginn 01.10.25 kl. 16.30 í kaffistofunni í Íþróttahúsinu Flúðum.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður og ritari, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

1. Framgangur Heilsuviku Hrunamannahreppi 2025

Heilsuvikan var haldin í byrjun september þetta árið eða vikuna fyrir uppskeruhátíð, 1. – 7. September. Vikan gekk mjög vel fyrir sig og voru allir viðburðir vel sóttir. Fjölbreytt dagskrá var sem ætti að hæfa fjölbreyttum hópi fólks. Viðburðir voru betur sóttir heldur en fyrri ár. Margir þættir sem gætu spilað inni að vikan var betur sótt en fyrri ár. Til að mynda önnur dagsetning, vorum fyrr í september núna, reyndum að auglýsa vikuna og dagskrána betur og svo er þetta í þriðja sinn sem heilsuvikan er haldin og því mögulegt að íbúar séu farnir að þekkja vikuna betur.

2. Forvarnastefna Hrunamannahrepps

Þórarinn forstöðumaður Zero hafði samband við Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd er varðar endurnýjun á forvarnastefnu Hrunamannahrepps og að uppfæra forvarnastefnu miðað við áskoranir í nútímasamfélagi og skýra hlutverk er varðar forvarnarfræðslu. Við leggjum til að fundað verði með skólastjórnendum, Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd, forstöðumanni félagsmiðstöðvar og þeim er varða lýðheilsu og forvarnir barna í sveitafélaginu.

3. Fyrsta umræða um fjárlög er varða Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd fyrir árið 2026.

Nefndin felur formanni að koma upplýsingum um þær áherslur sem við leggjum til við gerð fjárlaga 2026 til sveitastjóra og funda svo með sveitastjóra í annarri umræðu seinna í október.

4. Upplýsingar um íþróttaaðstöðu í sveitafélaginu

Uppfæra þarf upplýsingar um opnunartíma og aðstöðu í tækjasal og sundlaug á heimasíðu sveitarfélagsins eins fljótt og hægt er.

Fundi slitið kl 17.40